

Ed.

142. Breytingartillögur

[85. mál]

við frv. til laga um mannanöfn.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 6. gr. 2. mgr. falli niður.
2. Við 9. gr. Greinin falli niður.
3. Við 10. gr. (verður 9. gr.). Greinin orðist svo:
Lögleg ættarnöfn, sem íslenzkir ríkisborgarar bera nú, mega haldast.
Eftir að lög þessi öðlast gildi, er óheimilt að taka upp nýtt ættarnafn hér á landi.
4. Í stað 11.—16. gr. komi tvær nýjar greinar (verða 10.—11. gr.) og orðist svo:
 - a. (10. gr.) Þeir íslenzkir ríkisborgarar, sem tekið hafa ólöglega ættarnöfn, skulu hafa lagt þau niður fyrir árslok 1956 og kennt sig við föður samkvæmt fyrirmælum 7.—9. gr. þessara laga.
 - b. (11. gr.) Eigi má rita ólöglegt nafn íslenzks ríkisborgara á vegabréf, skirteini, kjörskrár, manntal né nein önnur opinber gögn.
Undirskrift íslenzks ríkisborgara er ógild undir hvers konar gjörninga, nema nafn hans sé löglega tekið.
5. Við 17. gr. (verður 12. gr.). 2.—4. mgr. falli niður.
6. Við 18. gr. (verður 13. gr.). Greinin orðist svo:
Nú er manni veittur íslenzkur ríkisborgararéttur með lögum, og skal hann þá kenna sig svo sem fyrir er mælt í 7.—8. gr.
7. Við 19. gr. Greinin falli niður.
8. Við 24. gr. (verður 18. gr.). 2. mgr. falli niður.